

Langhlaupanefnd FRÍ

Dagsetning: 13.apríl 2026

Staðsetning: Google meet

Tímasetning: 16:10

Fundarmenn: Tonie, Gísli Vilberg, Kromákur, Övar og Friðleifur sem skrifaði fundargerð.

1. Farið yfir helstu fréttir af Frjálsíþróttahósti sem fór fram í Skógarseli 10-11 apríl. Ný reglugerð um val á landsliðum í götu-, víðavangs og utanvegahlaupum samþykkt á þinginu og fer í birtingu á miðlum á næstu dögum.
2. Undirbúningur fyrir TM fjölskylduhlaupið í samráði við Sjómannadagsráð. Fundur áætlaður í vikunni. Verið að klára hlaupaleið og aðstöðu. Hlaupið verður haldið á Sjómannadaginn 7.júní.
3. ÍBR óskar eftir fundi í vikunni varðandi Reykjavíkumaraþon, þ.e. nýjar hlaupaleiðir, ræingu, dagskrá o.s.frv.. Skrifstofa og formaður langhlaupanefndar klára þann fund.
4. Beiðni frá Arnari Péturssyni hlaupara úr Breiðablik tekin fyrir. Hann óskar eftir því að taka þátt í HM í 100km hlaupi sem fer fram á Spáni 20.sept. Nefndin leggur til að beiðnin sé samþykkt og formaður kemur erindinu formlega til stjórnar. Jafnframt umræða um hvort senda eigi fleiri keppendur t.d. kvennhlaupara. Rætt um viðmið í því samhengi. Nefndin skoðar málið og tekur fyrir á næsta fundi.
5. Umræða um utanvegahlaup og “gæðakerfi/vottun” þeirra. Hlutverk FRÍ í því samhengi. WA eru hægt og bítandi að koma utanvegahlaupum formlega inn í hreyfinguna. Hingað til hefur WA notað ITRA sem ráðgjafa í þessum efnum og e.t.v er kominn tími á að Frjálsíþróttasambandið skýri hlutverk sitt frekar í þessum efnum. Utanvegahlaup eru og verða hluti af frjálsíþróttum og því eðlilegt að sambandið sem með breiðara hlutverk en að sinna landsliðsverkefnum í utanvegahlaupum.

Fleira ekki tekið fyrir.